

Alþingi
Erindi nr. P 139/2497
komudagur 23. 5. 2004

23. maí 2004

Akraneskaupstað hefur borist ofangreint erindi til umsagnar með bréfi dags. 18. maí s.l. og er óskað að umsögn liggi fyrir eigi síðar en 24. maí. Sá tími sem gefinn er til umsagnar er það skammur að sveitastjórn hefur ekki haft tækifæri til að fjalla um málið og því eru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við einstök ákvæði. Rétt er þó að gera grein fyrir því að Akraneskaupstað hefur borist afrit af bréfi Bátasmiðjunnar Knarrar á Akranesi þar sem áhyggjum er lýst vegna frumvarpsins. Lúta þær áhyggjur að því að aukin vélarstærð báta eigi að leiða til fækkunar sóknardaga. Er í erindinu óskað eftir aðlögun að nýjum reglum þar sem fyrirtækið er með fjóra báta í smíðum, sem miða við núgildandi reglur. Breyting á reglunum telja forsvarsmenn fyrirtækisins hafa í för með sér fjárhagslegt tjón, en um 20 manns starfa í umræddu fyrirtæki. Rétt þykir að koma þessum athugasemdum á framfæri.

Virðingarfyllst,

Gísli Gíslason, bæjarstjóri á Akranesi.